



Sveitarfélagið Árborg
Austurvegi 2, Ráðhúsi
800 Selfoss

ATVINNUVEGA- OG
NÝSKÖPUNARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 101 Reykjavík
sími: 545 9700 postur@anr.is
anr.is

Reykjavík 30. nóvember 2020
Tilv.: ANR20090187/11.02.07

Efni: Úthlutun byggðakvóta 2020/2021


Samkvæmt reglugerð nr. 731/2020, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2020/2021, hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra allt að 4.810 þorskígildistonn af botnfiski til ráðstöfunar til byggðarlaga sem falla undir skilyrði a. og b. liðar í 1. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar. Ráðuneytið úthlutar byggðakvóta til sveitarfélagsins sbr. 5. gr. og á grundvelli 4. gr. reglugerðarinnar. Eftirfarandi tafla sýnir úthlutun aflaheimilda sem koma í hlut sveitarfélagsins vegna byggðarlaga innan þess fiskveiðiaríð 2020/2021 og samanburð við úthlutun síðasta fiskveiðiarís.

Byggðarlag	Hlutfall úthlutunar af heild	Breyting milli ára (í tonnum)	Úthlutun 2020/2021 (í tonnum)	Úthlutun 2019/2020 (í tonnum)
Eyrarbakki	0,31%	-3	15	18
Stokkseyri	0,31%	-32	15	47
Samtals:	0,63%	-35	30	65

Reglugerð nr. 728/2020, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2020/2021, gildir um úthlutun byggðakvóta til einstakra fiskiskipa. Megintilgangur reglugerðarinnar er að tryggja að fiskiskip sem gerð eru út frá tilteknum byggðarlögum, og landað hafa afla þar, fái hlut í byggðakvótanum sem landað er til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi. Frá þessum almennu reglum er heimilt að víkja samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórna sem staðfestar eru af ráðuneytinu enda rökstyðji sveitarstjórnir tillögur sínar og sýni fram á að skilyrði úthlutunar séu byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum.

Með bréfi ráðneytisins frá 11. september sl. var óskað eftir rökstuddum tillögum sveitarstjórna varðandi sérstök skilyrði um úthlutun byggðakvóta sveitarfélagsins eða einstakra byggðarlaga. Í ljósi þess að skipting úthlutunar byggðakvóta til hluteigandi sveitarfélaga lá ekki fyrir var frestur sem ráðuneytið veitti til að skila tillögum framlengdur til 30. október sl. Úthlutun til einstakra sveitarfélaga liggur nú fyrir og er sveitarfélögum því gefinn frestur til 8. desember n.k. að óska eftir breytingum á þegar innsendum tillögum áður en ráðuneytið tekur þær til efnislegrar meðferðar. Endanlegar tillögur sveitarfélaga verða síðan til kynningar á vef ráðneytisins til 15. desember og í framhaldinu verða sérreglur fyrir hlutaðeigandi byggðarlög teknar til efnislegrar meðferðar. Í þeim tilvikum að ekki hafi komið fram óskir um sérreglur mun ráðuneytið beina því til Fiskistofu að auglýsa byggðakvóta fyrir viðkomandi byggðarlög til umsóknar eins fljótt og auðið er.

Fyrir hönd sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra


Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir


Sigríður Norðmann